

Fimmtudaginn 11. desember 1947.

Nr. 53/1947. **Eigandi og skipshöfn b/v Gyllis**

(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

gegn

H/f Vestra (Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Bjarglaun dæmd.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. maí síðastl., krefjast þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim 250 þúsund krónur eða aðra lægri fjárhæð samkvæmt mati hæstaréttar ásamt 6% ársvöxtum frá 24. janúar síðastl. til greiðsludags. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati dómsins. Þá krefjast þeir enn fremur viðurkenningar á sjóveðrétti í b/v Hafsteini fyrir hinum dæmdu fjárhæðum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þegar þess er gætt, að dráttur b/v Hafsteins tók 2 sólarhringa og 8 klukkustundir, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykja bjarglaunin áfrýjendum til handa hæfilega ákveðin 90 þúsund krónur með vöxtum, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar fyrir báðum dómum, sem þykir hæfilega ákveðin 11000 krónur.

Samkvæmt 1. tölulið 236. gr. siglingalaganna nr. 56/1914 ákveðst sjóveðréttur í b/v Hafsteini RE 156 til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Vestri, greiði áfrýjendum, eiganda og skipshöfn b/v Gyllis, kr. 90000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. janúar 1947 til greiðsludags og samtals kr. 11000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Áfrýjendur eiga sjóveðrétt í b/v Hafsteini RE 156 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 14. maí 1947.

Mál þetta, er dómtekið var 7. þ. m., hefur Haukur Thors framkvæmdarstjóri f. h. eigenda og skipshafnar b/v Gyllis, RE 267, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 24. janúar 1947, gegn h/f Vestra, eiganda b/v Hafsteins, hér í bæ, til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 250000.00 eða annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins, auk 6% ársvaxta frá stefnu-degi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins. Þá hefur stefnandi enn fremur krafizt þess, að honum verði dæmdur sjóveðréttur í b/v Hafsteini RE 156 til tryggingar öllum framangreindum kröfum.

Stefndi hefur krafizt þess að verða aðeins dæmdur til greiðslu hæfilegrar fjárhæðar að mati dómsins og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Almennum tryggingum h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, sem váttryggjendum nefnds skips stefnda.

Málavextir eru þeir, að hinn 25. desember 1946 bilaði vél botnvörpungsins Hafsteins, eignar stefnda, er hann var á leið frá Grimsby til Reykjavíkur. Staður skipsins var þá 61° 55' n. br. og 13° 50' v. l. Viðgerð var ekki unnt að framkvæma um borð, og var því náð sambandi við botnvörpunginn Gylli, er var á leið frá Fleetwood til Reykjavíkur, og hann beðinn aðstoðar. Gyllir breytti þegar stefnu og hélt áleiðis til Hafsteins og kom á vettvang um hádegi næsta dag. Var dráttartaugum komið milli skipanna og síðan haldið af stað til Reykjavíkur og komið þangað um kl. 22 hinn 28. desember. Telur stefnandi, að hér hafi verið um að ræða ótvíræða björgun í merkingu siglingalaganna, enda hafi Hafsteinn verið í hættu, auk þess sem þetta hafi verið á dimmasta tíma árs og allra veðra von. Bein töf Gyllis við björgunarstarfið hafi verið 30 klt., en raunverulegar tafir skipsins miklu meiri sökum helgidaga, er tafið hafi affermingu þess og útbúnað í nýja veiðiför. Þá telur stefnandi, að við ákvörðun bjarglauna beri að leggja til grundvallar váttryggingarfjárhæðir skipsins. Skipið sjálft hafi verið váttryggt fyrir kr. 1 000 000.00, en auk þess hagsmunahúftryggt fyrir kr. 250 000.00. Þá hafi farangur skipverja og veiðarfæraútbúnaður skipsins verið tryggt fyrir samtals kr. 80 000.00.

Stefnandi telur, að auk slits og tognunar á 400 föðmum af 3" togvirum hafi Gyllir orðið fyrir skemmdum við björgunarstarfið,

sem hér segir: Báðir kefar að aftan skemmdust. Sjóleiðsla og lýsisleiðsla, sem liggja við dekkhúsið að aftan, losnuðu báðar frá og önnur brotnaði. Bátapallsstytur skemmdust og einnig stoð, sem heldur flekanum uppi. Hlifar frá spili losnuðu.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að fjárhæð sú, er stefnandi krefst, sé allt of há, þar eð björgunarstarfið hafi bæði verið auðvelt og hættulaust. Hafsteinn hafi ekki verið staddur í yfirvofandi háska, enda veður gott. Gylli hafi ekki verið stofnað í neina hættu við björgunarstarfið og tjón hans orðið mjög lítið. Þá hefur stefndi mótmælt, að töl Gyllis hafi verið meiri en 30 klt. og að annað tjón hafi orðið hjá Gylli en slit á vírum, enda hafi ekki farið fram neitt mat um það efni.

Björgun sú, er hér um ræðir, tókst vel og virðist hafa verið unnin af verklagni. Töl Gyllis vegna dráttarins var 30 klt., en ósannað er, að björgunarstarfið hafi orsakað frekari tafir. Telja verður, að Hafsteinn hafi verið í nokkurri hættu, þótt hún hafi ekki verið yfirvofandi, enda enginn seglabúnaður á skipinu. Hins vegar var Gylli ekki stofnað í hættu við björgunina, og tjón hans var lítið. Þegar ákvarða skal verðmæti þess, sem bjargað var, verður að leggja til grundvallar gangverð þess á þeim stað, er björgun lauk, en ekki vátryggingarfjárhæðir þess. Yfirmat hefur farið fram á skipinu á þessum grundvelli, og er fjárhæð þess kr. 809 000.00. Þar eð hún hefur ekki sætt rökstuddum andmælum, verður hún lögð til grundvallar.

Að þessu athuguðu, þykja björgunarlaunin í heild hæfilega ákveðin kr. 75000.00. Ber stefnda að greiða stefnanda þessa fjárhæð með vöxtum, eins og krafist er, svo og málskostnað, er þykir með hliðsjón af matskostnaði hæfilega ákveðinn kr. 5000.00.

Samkvæmt 1. tölulið 236. gr. siglingalaganna viðurkennist og sjóveðréttur í b/v Hafsteini R 156 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminn hafa upp kveðið þeir Einar Arnalds borgardómari, T. Júlíus Júlíusson skipstjóri og Pétur Sigurðsson skipstjóri.

D ó m s o r ð :

Stefndi, h/f Vestri, eigandi b/v Hafsteins, greiði stefnanda, Hauki Thors f. h. eigenda og skipshafnar b/v Gyllis, kr. 75000.00 með 6% ársvöxtum frá 24. janúar 1947 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í b/v Hafsteini R 156 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.